

Skoðunarhandbók ökutækja STOÐRIT

Upplýsingar um ljós og glit ökutækja Dags 01.02.2024 (drög)

Skjalið tilheyrir skoðunarhandbók ökutækja (stoðriti, hluta 3, kafla 4 um ljósker, glit og rafbúnað). Um lögformlega stöðu, útgáfu og ábyrgð á skjalinu vísast til formála handbókarinnar.

Í skjalinu er að finna samantekt á kröfum til ljóskera, glitauga og glitmerkinga sem áskilin eru og leyfð á ökutækjum, auk áhersluatriða við skoðun.

Efnisyfirlit

MEGINREGLUR	6
Ljós og glit.....	6
BIFREIÐ (M, N)	13
Lýsing fram	13
Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing beam / dipped-beam) #4.1	14
Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving beam / main beam) #4.1	15
Dagljósker (daytime running lamps) #4.2	16
Þokuljósker (fog lamps) #4.5	17
Ljósastari (auxiliary driving light) #4.12.....	18
Stöðuljósker (position lamps) #4.2	19
Stefnuljósker (direction indicators) #4.4	20
Breiddarljósker (end-outline marker lamps, contour lamps, clearance lamps) #4.2	21
Aðgreiningarljósker (identification lamps) #4.12	22
Beygjuljósker (cornering lamps) #4.12	23
Lýsing hliðar	24
Hliðarljósker (side marker lamps) #4.2	25
Hliðarstefnuljósker (side direction indicators) #4.4	26
Tilfærsluljósker (manoeuvring lamps) #4.12.....	27
Lýsing aftur	28
Stöðuljósker (rear position lamps, tail lamps) #4.2	29
Stefnuljósker (direction indicators) #4.4	30
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3	31
Miðjuhemlaljósker (center high mounted stop lamp) #4.3	32
Númersljósker (registration plate lamps) #4.7.....	33
Bakkljósker (reversing lamp) #4.6	34
Þokuafturljósker (rear fog lamp) #4.5	35
Breiddarljósker (end-outline marker lamps, rear contour lamps, clearance lamps) #4.2.....	36
Aðgreiningarljósker (identification lamps) #4.12	37
Lýsing hringinn	38
Hættuljósker (hazard warning signal, emergency stop signal) #4.4	39
Aðkomuljósker (exterior courtesy lamps) #4.12.....	40
Vinnuljósker (work lamps) #4.12	41
Leitarljósker (search lamps) #4.12	42
Taxaljósker (taxi lamp) #4.12	43
Neyðarakstursljósker (emergency lights) #4.12.....	44
Varúðarljósker (flashing yellow warning lights) #4.12.....	45
Upplýsingamerki (information display) #4.12	46
Kyrstöðuljósker (parking lamps) #4.2	47
Glitaugu hringinn.....	48
Framglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	49
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	50
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	51
Glitmerkingar hringinn	52
Þungaflutningsglitmerki (rear marking plates for heavy and long vehicles) #4.8.....	53
Varúðarglitmerkingar (warning retro-reflective marking strips) #4.8.....	54
Útlínuborðar (contour/conspicuity markings) #4.8	55
Auglýsingaglitmerkingar (distinctive markings/graphics) #4.8	56
Neyðarakstursglitmerkingar (emergency vehicle reflective films) #4.8	57

EFTIRVAGN (O)	58
Lýsing fram.....	58
Stöðuljósker (position lamps) #4.2.....	59
Breiddarljósker (end-outline marker lamps, front clearance lamps) #4.2.....	60
Lýsing hliðar.....	61
Hliðarljósker (side marker lamps) #4.2.....	62
Hliðarstefnuljósker (side direction indicators) #4.4.....	63
Tilfærsluljósker (manoeuvring lamps) #4.12.....	64
Lýsing aftur.....	65
Stöðuljósker (rear position lamps, tail lamps) #4.2.....	66
Stefnuljósker (direction indicators) #4.4.....	67
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3.....	68
Miðjuhemlaljósker (center high mounted stop lamp) #4.3.....	69
Númersljósker (registration plate lamps) #4.7.....	70
Bakkljósker (reversing lamp) #4.6.....	71
Pokuafturljósker (rear fog lamp) #4.5.....	72
Breiddarljósker (end-outline marker lamps, contour lamps, clearance lamps) #4.2.....	73
Aðgreiningarljósker (identification lamps) #4.12.....	74
Lýsing hringinn.....	75
Hættuljósker (hazard warning signal, emergency stop signal) #4.4.....	76
Vinnuljósker (work lamps) #4.12.....	77
Glitaugu hringinn.....	78
Framglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	79
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	80
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	81
Þríhyrnd afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	82
Glitmerkingar hringinn.....	83
Þungaflutningsglitmerki (rear marking plates for heavy and long vehicles) #4.8.....	84
Útlínuborðar (contour/conspicuity markings) #4.8.....	85
Auglýsingaglitmerkingar (distinctive markings/graphics) #4.8.....	86
BIFHJÓL (L3E, L4E)	87
Lýsing fram.....	87
Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing-beam / dipped beam) #4.1.....	88
Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving-beam / main beam) #4.1.....	89
Dagljósker (daytime running lamps) #4.2.....	90
Þokuljósker (fog lamps) #4.5.....	91
Stöðuljósker (position lamps) #4.2.....	92
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	93
Lýsing aftur.....	94
Stöðuljósker (rear position lamps) #4.2.....	95
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	96
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3.....	97
Númersljósker (registration plate lamps) #4.7.....	98
Pokuafturljósker (rear fog lamp) #4.5.....	99
Lýsing hringinn.....	100
Hættuljósker (hazard warning signal) #4.4.....	101
Vinnuljósker (work lamps) #4.12.....	102
Leitarljósker (search lamps) #4.12.....	103
Varúðarljósker (flashing yellow warning lights) #4.12.....	104
Neyðarakstursljósker (emergency lights) #4.12.....	105
Glitaugu hringinn.....	106
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	107
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	108

ÞRÍ-/FJÓRHJÓL (L2E, L5E, L6E, L7E).....	109
Lýsing fram.....	109
Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing beam / dipped-beam) #4.1.....	110
Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving beam / main beam) #4.1.....	111
Dagljósker (daytime running lamps) #4.2.....	112
Þokuljósker (fog lamps) #4.5.....	113
Stöðuljósker (position lamps) #4.2.....	114
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	115
Lýsing hliðar.....	116
Hliðarljósker (side marker lamps) #4.2.....	117
Hliðarstefnuljósker (side direction indicators) #4.4.....	118
Lýsing aftur.....	119
Stöðuljósker (rear position lamps, tail light) #4.2.....	120
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	121
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3.....	122
Miðjuhemlaljósker (center high mounted stop lamp) #4.3.....	123
Númersljósker (registration plate lamps) #4.7.....	124
Bakkljósker (reversing lamp) #4.6.....	125
Þokuafturljósker (rear fog lamps) #4.5.....	126
Lýsing hringinn.....	127
Hættuljósker (hazard warning signal) #4.4.....	128
Vinnuljósker (work lamps) #4.12.....	129
Leitarljósker (search lamps) #4.12.....	130
Neyðarakstursljósker (emergency lights) #4.12.....	131
Glitaugu hringinn.....	132
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	133
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	134
LÉTT BIFHJÓL (L1E).....	135
Lýsing fram.....	135
Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing beam / dipped-beam) #4.1.....	136
Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving beam / main beam) #4.1.....	137
Stöðuljósker (position lamps) #4.2.....	138
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	139
Lýsing aftur.....	140
Stöðuljósker (rear position lamps) #4.2.....	141
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	142
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3.....	143
Númersljósker (registration plate lamps) #4.7.....	144
Lýsing hringinn.....	145
Hættuljósker (hazard warning signal) #4.4.....	146
Glitaugu hringinn.....	147
Framglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	148
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	149
Fetilglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	150
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	151
DRÁTTARVÉL (T).....	152
Lýsing fram.....	152
Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing beam / dipped-beam) #4.1.....	153
Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving beam / main beam) #4.1.....	154
Dagljósker (daytime running lamps) #4.2.....	155
Þokuljósker (fog lamps) #4.5.....	156
Stöðuljósker (position lamps) #4.2.....	157
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4.....	158

Breiddarljósker (end-outline marker lamps, contour lamps, clearance lamps) #4.2	159
Beygjuljósker (cornering lamps) #4.12	160
Lýsing hliðar	161
Hliðarljósker (side marker lamps) #4.2	162
Tilfærsluljósker (manoeuvring lamps) #4.12.....	163
Lýsing aftur	164
Stöðuljósker (rear position lamps, tail lights) #4.2	165
Stefnuljósker (direction indicator lamps) #4.4	166
Hemlaljósker (stop lamps) #4.3	167
Miðjuhemlaljósker (center high mounted stop lamp) #4.3	168
Númersljósker (rear registration plate illuminating device) #4.7.....	169
Bakkljósker (reversing lamps) #4.6.....	170
Þokuafturljósker (rear fog lamps) #4.5	171
Breiddarljósker (end-outline marker lamps, contour lamps, clearance lamps) #4.2	172
Lýsing hringinn	173
Hættuljósker (hazard warning signal) #4.4	174
Vinnuljósker (work lamps) #4.12	175
Leitarljósker (search lamps) #4.12.....	176
Varúðarljósker (flashing yellow warning lights) #4.12.....	177
Aðkomuljósker (exterior courtesy lamps) #4.12.....	178
Kyrrestöðuljósker (parking lamps) #4.12.....	179
Glitaugu hringinn.....	180
Framglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	181
Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	182
Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8.....	183
Glitmerkingar hringinn	184
Útlínuborðar (contour/conspicuity markings) #4.8	185
Hægfaremerki (slow-moving vehicle plate, smv rear marking plate) #4.8	186
Varúðarglitmerkingar (signalling panel and signalling foil) #4.8	187

Meginreglur

Ljós og glit

Um skjalið

Í skjalinu er að finna samantekt á kröfum til ljóskera, glitaugna og glitmerkinga sem áskilin eru og leyfð á ökutækjum, auk áhersluatriða við skoðun. Skjalið er fyrst og fremst hugsað fyrir skoðunarstofur en einnig fyrir þá sem þurfa að eiga eitthvað við ljós, glitaugu eða glitmerkingar, s.s. að endurnýja, skipta um, setja á eða selja slíkan búnað.

Um ljósabúnað gilda töluverðar kröfur, bæði um búnaðinn sjálfan og líka hvernig honum skal komið fyrir. Óheimilt er að hafa á ökutæki ljósker, glitaugu eða glitmerkingar nema þau megi (eða skuli) vera á ökutækinu. Einnig gilda ákveðnar reglur um notkun ljósa og er lítillega minnst á þær í skjalinu líka. Markmiðin með þessum reglum er að tryggja sem best samræmi og öryggi í umferðinni til heilla fyrir alla.

Leit í skjalinu er auðvelduð með því að tagga ljósabúnað og skoðunatriði, þannig mætti t.d. finna öll höfuðljós með því að leita að #höfuðljós og skoðunatriði 1.4.17 með #1.4.17 (væru þessi ljósker og skoðunatriði til í raun). Einnig eru ensk heiti bæði ljósabúnaðar og nokkurra hugtaka tilgreind svo auðveldara sé að afla frekari skýringa úr enskum texta.

Lög og reglur er varða ljósabúnað

Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja (og fyrirrennum hennar) eru settar fram kröfur um ljósabúnað. Þær hafa byggt að mestu á Evrópukröfum (ESB reglugerðum) og Genfarsamningum frá 20. mars 1958 um samræmingu á tæknilegum kröfum til ökutækja og gagnkvæma viðurkenningu ríkja (UN-ECE reglum eða bara UN- eða ECE-reglum). Í íslensku reglugerðinni er vísað til þeirra erlendu, annað hvort á þann hátt að óheimilt sé að hafna viðurkenningu ökutækis uppfylli það hinar erlendu reglur eða á þann hátt að erlendu reglurnar skuli uppfylltar. Að auki gilda sérstök íslensk ákvæði um ákveðinn ljósabúnað.

Kröfur til ljósabúnaðar kveða á um þrennt að stofni til og er kröfunum lýst fyrir sérhverja gerð ljóskers, glitauga og glitmerkingar í skjalinu þannig:

- Viðurkenning**, þ.e. hvort og þá hvaða reglum skuli fylgt við framleiðslu ljósabúnaðar og hvort hann skuli bera viðurkenningarmerkingar, m.a. eftirlits við sölu varahluta og við skylduskoðun (tiltekið í **Gerð/Viðurkenning**). Þegar vísað er til jafngildra viðurkenninga sker Samgöngustofa úr um hvað gildir.
- Notkunarheimild**, þ.e. hvort ljósabúnaður er áskilinn eða leyfður á ákveðin ökutæki og í hversu miklu magni (tiltekið í **Fjöldi (áskilið/leyft)**). Þegar ljósabúnaður er gerður áskilinn gildir sú krafa frá tiltekinni dagsetningu, en fyrir þann tíma er leyft að hafa búnaðinn á slíkum ökutækjum að uppfylltum öllum öðrum kröfum. Í skoðunarhandbók (þ.m.t. þessu skjali) er átt við að sé ökutæki, sem krafan á við, með fyrstu skráningu frá og með þessari dagsetningu, þá gilda kröfurnar um það. Sama getur átt við ef heimildir gilda ekki lengur. Þetta er skrifað „eftir dd-mm-áááá“ og átt við frá og með dagsetningunni og „fyrir dd-mm-áááá“ og átt við fyrir og með dagsetningunni.
- Fyrirkomulag**, þ.e. hvernig ljósabúnaði skal komið fyrir á ökutækinu (tiltekið í **Litur, Breiddarstaðsetning, Hæðarstaðsetning, Lengdarstaðsetning, Vísun/Dreifing/Lögun, Stilling og Ljósstyrkur, Tenging (birting/blick), Gaumljós/-búnaður og Aðrar reglur**).

Í töflunni er samantekt á þeim reglum sem gilda um ljósabúnað ökutækja. Í öftustu dálkunum er tilgreint yfir hvaða ökutækisflokka kröfurnar ná í hverri reglu. Vísað er til allra þessara reglna í umfjöllun um viðkomandi ljósabúnað (nema annað sé tiltekið).

Regla	Nafn	Nafn á ensku	M/N/O	L1e-L7e	T/C/R/S
822/2004	Reglugerð um gerð og búnað ökutækja	---	M, N, O	L1e-L7e	T, C, R, S
ECE-R1	Aðalljósker	Headlamps for motor vehicles (R2, HS1)	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R3 ³⁾	Glitaugu	Retro-reflectors	M, N, O	L1e-L7e	T
ECE-R4 ¹⁾	Númersljósker	Illumination of rear registration plates	M, N, O		T


Regla	Nafn	Nafn á ensku	M/N/O	L1e-L7e	T/C/R/S
ECE-R5	Aðalljósaker (samloka)	Sealed beam headlamps (SB)			T
ECE-R6 ¹⁾	Stefnuljósaker	Direction indicators	M, N, O	L1e-L7e	T
ECE-R7 ¹⁾	Stöðu-, breiddar- og hemlaljósaker	Front and rear position lamps, stop lamps and end-outline marker lamps	M, N, O	L1e-L7e	T
ECE-R8	Aðalljósaker	Head lamps for motor vehicles (Hx)	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R19 ²⁾	Pokuljósaker	Front fog lamps	M, N	L3e, L4e, L5e, L7e	T
ECE-R20	Aðalljósaker	Headlamps for motor vehicles (H4)	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R23 ¹⁾	Bakkljósaker	Reversing lamps (and manoeuvring lamps)	M, N, O	L1e-L7e	T
ECE-R27 ³⁾	Viðvörðunarþríhyrningar	Advance warning triangles	M, N		T
ECE-R31 ⁴⁾	Aðalljós (halogen samloka)	Halogen sealed beam headlamps (HSB)	M, N		T
ECE-R37 ⁵⁾	Ljósgefjafar (glóperur)	Filament light sources	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R38 ¹⁾	Þokuafturljósaker	Rear fog lamps	M, N, O	L3e, L4e, L5e, L7e	T
ECE-R48	Fyrirkomulag ljósabúnaðar (M, N, O)	Installation of lighting and light-signalling devices	M, N, O		
ECE-R50 ¹⁾	Íhlutir ljósabúnaðar (L)	Lighting components for vehicles of category L		L1e-L7e	
ECE-R53	Fyrirkomulag ljósabúnaðar (L3e)	Installation of lighting (motorcycle)		L3e	
ECE-R56	Aðalljósaker (minni L)	Headlamps for mopeds and vehicles treated as such		L1e, L2e, L6e	
ECE-R57	Aðalljósaker (stærri L)	Headlamps for motorcycles and vehicles treated as such		L3e, L4e, L5e, L7e	
ECE-R60 ⁶⁾	Gaumbúnaður	Identification of controls tell-tales and indicators		L1e, L3e	
ECE-R69 ³⁾	Hægfaraglitmerki	Rear marking plates for slow moving vehicles	M, N, O		T
ECE-R70 ³⁾	Þungaflutningsglitmerki	Rear marking plates for heavy and long vehicles	M, N, O		
ECE-R72	Aðalljósaker	Headlamps for motorcycles and vehicles treated as such (HS1)		L3e, L4e, L5e, L7e	
ECE-R74	Fyrirkomulag ljósabúnaðar (L1e)	Installation of lighting (moped)		L1e	
ECE-R77 ¹⁾	Kyrrstöðuljósaker	Parking lamps	M, N		T
ECE-R82	Aðalljósaker	Headlamps for mopeds and vehicles treated as such (HS2)		L1e, L2e, L6e	
ECE-R86	Fyrirkomulag ljósabúnaðar (T, C, R, S)	Installation of lighting and light-signalling devices for agricultural tractors			T, R, S
ECE-R87 ¹⁾	Dagljósaker	Daytime running lamps	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R91 ¹⁾	Hliðarljósaker	Side-marker lamps	M, N, O		T
ECE-R98 ²⁾	Aðalljósaker	Headlamps with gas-discharge light sources	M, N	L3e	
ECE-R99	Ljósgefjafar (gas)	Gas-discharge light sources		L3e	

Regla	Nafn	Nafn á ensku	M/N/O	L1e-L7e	T/C/R/S
ECE-R104 ³⁾	Glitmerkingar	Retro-reflective markings	M2, M3, N, O2, O3, O4		
ECE-R112 ²⁾	Aðalljósker	Headlamps with asymmetrical beams	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R113 ²⁾	Aðalljósker	Headlamps with symmetrical beams		L1e-L7e	T
ECE-R119 ²⁾	Beygjuljósker	Cornering lamps	M, N		T
ECE-R121 ⁶⁾	Gaumbúnaður	Identification of controls tell-tales and indicators	M, N		
ECE-R123	Aðalljósker (AFS)	Adaptive front-lighting systems (AFS)	M, N		
ECE-R128	Ljós gjafar (LED)	Light emitting diode (LED) light sources	M, N, O	L1e-L7e	T, C, R, S
ECE-R148 ¹⁾	Ljós ker (sýnileika)	Light signalling devices (LSD)	M, N, O	L1e-L7e	T, C, R, S
ECE-R149 ²⁾	Ljós ker (lýsa upp veg)	Road illumination devices (RID)	M, N	L1e-L7e	T
ECE-R150 ³⁾	Glitaugu og glitmerkingar	Retro-reflective devices and markings	M, N, O	L1e-L7e	T, C, R, S
ESB-3/2014	Öryggisbúnaður (L1e-L7e)	Vehicle functional safety requirements (2-/3-wheel vehicles and quadricycles)		L2e, L4e, L5e, L6e,	

1) R148 leysir R4, R6, R7, R23, R38, R50, R77, R87 og R91 af hólmi. 2) R149 leysir R19, R98, R112, R113 og R119 af hólmi. 3) R150 leysir R3, R27, R69, R70 og R104 af hólmi. 4) Eldri útfærsla (aðrar útfærslur hafa leyst af hólmi). 5) Gilda um alla ljósgjafa (perur) af þessari gerð. 6) Gilda um gaumbúnað viðkomandi ökutækisflokka (útfærsla ekki athuguð í skoðun).

Viðurkenningarmerkingar

Hér eru dæmi um viðurkenningarmerkingar á ljósabúnaði. Krafa er um að viðurkenningarmerkingar séu sýnilegar við skoðun nema annað sé tekið fram. Viðurkennd tækniþjónusta getur staðfest við Samgöngustofu að ljósabúnaður tiltekins ökutækis uppfylli kröfur án þess að á honum sé áskilin viðurkenningarmerking, það er þá skráð í skráningarskírteini ökutækisins. Samgöngustofa hefur einnig heimilað ákveðnar jafngildar merkingar í þessu skjali.




E-merkt (UN-ECE reglur)
R1D: Gerð ljóskers (afturstöðuljós R1) sem er D-merkt.
02: ECE reglan er í útg. 2.
E4: E-merkt af Hollandi (4).



e-merkt (ESB reglur)
e4: e-merkt af Hollandi (4).

SAE AIST 09 DOT

DOT-merkt (reglur í USA)
SAE: Staðall.
AIST: Glitauga (A) + stefnu- (I), hemla- (S) og afturljós (T).
09: Viðurkennt árið 2009.
DOT: Dept of transport.



UI-merkt (UN-ECE-reglur)
UI: Unique Identifier merki.
270650: Einkvæmt auðkennisnúmer.
Nýtt auðkennismerki ECE

Grunnhugtök

- **Ljósabúnaður** eða „**ljós og glit**“ er notað er sem samheiti yfir ljós ker, glitaugu og glitmerkingar í þessu skjali.
- **Ljós ker** (*e. lamp*) er hörð eining sem samanstendur af ljósgjafa/gjöfum og ljósflæti/flötum. Ljós ker geta haft það meginhlutverk að lýsa upp umhverfið eða að gera ökutækid sýnilegt. Krafa getur verið um að ekki megi sjást í ljós kerid (undir ákveðnum kringumstæðum), bara birtuna sem frá því kemur. Ljós ker getur verið stakt, sambyggt með öðrum eða í ljóssamstæðu með öðrum.
- **Ljósgjafi** (*e. light source*) er órjúfanleg eining sem gefur frá sér sýnilegt ljós (t.d. pera og díóða). Margir ljósgjafar geta verið í einu ljós kerid (yfirléitt þannig með díóðuljósgjafa).

- **Glitauga** (*e. retro-reflector*) er hörð eining sem hefur endurskin og er tilbúið til notkunar á ökutæki og samanstendur af einni eða fleiri endurskinseiningum. Glitauga getur staðið eitt og sér eða verið hluti af ljóساسamstæðu (innbyggt í ljósflötina).
- **Glitmerking** (*e. reflective markings*) er sveigjanlegt efnislegt yfirborð með endurskini sem límt hefur verið á flöt ökutækis (merking) eða á merkisþjöld sem komið er fyrir á ökutæki (merki).

Leyfi til notkunar á ökutæki

- Óheimilt er að nota á ökutæki önnur ljósker, perur (ljósgjafa), glitaugu eða glitmerkingar en þau sem boðin eru eða heimiluð í Umferðarlögum, reglugerð um gerð og búnað ökutækja eða öðrum reglum sem innviðaráðuneytið setur. Reglur þessar eru teknar saman í þessu skjali, þó með fyrirvara um villur því um flókinn tæknilegan texta er að ræða sem settur er fram á einfölduðu formi.
- Ljós frá ljóskeri inni í ökutæki má hvorki svipa til ljóss frá áskildum eða leyfðum ljóskerum né valda ökumanni eða öðrum vegfarendum óþægindum.
- Ekki má breyta staðsetningu ljóskers, fjarlægja ljósker eða bæta við ljóskerum á ökutæki án þess að búnaðurinn samræmist ákvæðum gildandi laga og reglna. Sama á við um glitaugu og glitmerkingar.
- Ljósker, glitaugu og glitmerkingar skulu vera viðurkennd eftir því sem tilgreint er um hvert þeirra. Þegar vísað er til jafngilda viðurkenninga sker Samgöngustofa úr um hvað gildir.

Uppstilling og fjöldi, sambygging og samstæður

- Þegar aðeins eitt ljósker að framan eða aftan gegnir tilteknu hlutverki þá skal breiddarstaðsetning þess vera fyrir miðju ökutækinu nema annað sé tekið fram.
- Þar sem fleiri en eitt ljósker eða glitauga gegna sama hlutverki skal fjöldi þeirra vera jöfn tala nema annað sé tekið fram. Þeim skal komið fyrir í pörum samhverft um miðju ökutækis.
- Ljósker og glitaugu sem ekki hefur verið skeytt saman við önnur ljósker eða glitaugu með einhverjum hætti og hafa bæði aðskilda ljósgjafa og ljósflæti kallast **sjálfstæð ljósker/glitaugu** (*e. independent lamps/retro-reflectors*).
- Þegar ljósker með einn ljósflöt hefur einn eða fleiri ljósgjafa sem þjóna fleiri en einum tilgangi er talað um að ljóskerið sé **sambyggt** (*e. reciprocally incorporated*) (t.d. lág ljósgeisli og háljósgeisli í sömu peru eða hemlaljós og afturstöðuljós í sömu peru eða tveimur ljósgjöfum). Sé það ekki tilgreint sérstaklega fyrir ljósker þá er slík sambygging heimil ef þau standast þær kröfur sem gerðar eru um hvert ljósker fyrir sig. Sama gildir um glitaugu og ljósker, þau má byggja saman ef þau standast þær kröfur sem gerðar eru um hvort fyrir sig (yfirborð ljósflatarins er þá samsett úr lýsandi flöt(um) og glitaugum).
- Tvö eða fleiri ljósker og glitaugu sem gegna mismunandi hlutverkum má setja saman í **ljóساسamstæðu** (*e. grouped lamps*) (t.d. afturljóساسamstæða með stöðuljóskeri, hemlaljóskeri, stefnuljóskeri og glitauga) ef þau standast þær kröfur sem gerðar eru um hvert um sig. Slík samstæða þekkist á því að hún er framleidd sem ein eining og verður að skipta um hana alla í einu ef hún skemmist en yfirleitt hægt að skipta um einstaka ljósgjafa (perur) og ljósflatareininguna (glerið).
- Við **mat á fjölda ljóskera** er gengið út frá því að eitt ljósker samstandi af ljósabúnaði sem hefur eina ljósa- eða ljósmerkjaaðgerð, einn eða fleiri ljósgjafa og einn sýnilegan ljósflöt sem getur verið samfelld yfirborð eða samsettur úr tveimur eða fleiri aðskildum yfirborðshlutum sem liggja saman. Sjá þó um sérstök D- og Y-merkt ljósker gerðarviðurkenndra ökutækja.
- Tvö ljósker á gerðarviðurkenndu ökutæki sem hafa **sérstaka D-merkingu** í ECE-viðurkenningarmerkingu sinni og gegna sama hlutverki og hafa sömu virkni, hvort sem þau eru eins í útliti eða ekki, skulu teljast sem eitt ljósker. Slík ljósker eru sjálfstæð ljósker, samþykkt sem stakur búnaður og gerðarviðurkennd hvort um sig á þann hátt að leyft er að nota þau annað hvort sjálfstætt, þ.e. sem tvö ljósker, eða í samsetningu tveggja ljóskera, þ.e. teljast þá eitt ljósker. Hámarks ljósstyrkur hvors D-merks ljóskers verður þá helmingi minni en ef bara væri eitt ljósker (ekki D-merkt).
- Ljóساسamstæða á gerðarviðurkenndu ökutæki með **sérstaka Y-merkingu** í ECE-viðurkenningarmerkingu sinni sem inniheldur tvö eða þrjú ljósker sem öll gegna sama hlutverki og hafa sömu virkni, skal teljast sem eitt ljósker. Slík samstæða er gerðarviðurkennd sem ein eining, í henni eru tvö eða þrjú ljósker sem virka öll eins, þau hafa aðskilda ljósflæti (geta t.d. verið í formi ljósranda eða mynsturs), ljóskerin geta verið aðskilin og geta verið með aðskilda ljósgjafa. Leyfilegt er að brjóta samstæðuna niður í fleiri en einn hluta sem liggja saman ef þörf er á, m.a. til að uppfylla dreifingu ljósgeisla eða láta afturljóساسamstæðu flæða yfir á skottlok.


- Þegar talað er um að koma ljóskeið fyrir **svo hátt sem hægt er**, eða að undantekning sé heimil **þegar nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis**, ber að taka mið af hönnun ökutækis og mögulegum notkunartilgangi þess. Þannig ber m.a. að horfa til tilgangs og notkunar ljóskeiranna, að hönnun ökutækisins hafi viðeigandi fleti fyrir ljóskeirinn, að kröfur um að ljóskeið í þörum geti verið samhverf um miðju, að ljóskeirinn verði ekki fyrir óþarfa álagi eða geti skemmst auðveldlega, og raflagnaleiðir að þeim séu öruggar.

Mæliaðferðir hæðar, breiddar og millibils


- Með **hámarkshæð** ljóskeis, glitauga eða glitmerkingar er átt við hæð frá akbraut að efri brún ljós- eða endurskinsflatar. Miða skal við óhlaðið ökutæki.
- Með **lágmarkshæð** ljóskeis, glitauga eða glitmerkingar er átt við hæð frá akbraut að neðri brún ljós- eða endurskinsflatar. Miða skal við óhlaðið ökutæki.
- Með **fjarlægð** ljóskeis, glitauga eða glitmerkingar **frá ystu brún** er átt við fjarlægð frá ystu brún ökutækis að ytri brún ljós- eða endurskinsflatar.
- Með **minnsta bili** milli ljóskera eða glitaugna er átt við stystu fjarlægð milli brúna ljósflata á ljóskeirum eða endurskinsflata á glitaugum.

Dreifing ljósgeisla og mæliaðferðir dreifingar


- **Dreifing** ljósgeisla er notað yfir það svæði sem ljósgeislinn skal að lágmarki vera sýnilegur á. Dreifing er jafnan mæld í gráðum til hliðanna og upp- og niðurfyrir ljóskeiðið.
- Framvísandi og afturvísandi ljóskeir eru sögð dreifast **lárétt inn og út**, uppgefið í gráðum frá beinni stefnu fram/aftur (reference axis) í átt inn að miðjunni. Lárétt dreifing inn (inboard angle) er hornið frá beinni stefnu fram/aftur (reference axis) í átt inn að miðjunni. Lárétt dreifing út (outboard angle) er hornið frá beinni stefnu fram/aftur (reference axis) í átt frá miðjunni (út frá þeirri hlið sem ljóskeiðið er á).
- Hliðarvísandi ljóskeir eru sögð dreifast **lárétt framfyrir og afturfyrir**, uppgefið í gráðum frá beinni stefnu til hliðar (sbr. mynd 2). Lárétt dreifing framfyrir (angle A) er hornið frá beinni stefnu til hliðar (reference axis) í átt fram á við (í akstursátt, driving direction). Lárétt dreifing ljóskeis á hlið afturfyrir (angle B) er hornið frá beinni stefnu til hliðar (reference axis) í átt aftur fyrir (öfuga akstursátt).
- Hliðarvísandi ljóskeir geta haft **lárétt dreifingarbil aftur** (sbr. mynd 3). Lárétt dreifingarbil (angle B) hliðarvísandi ljóskeis aftur er bilið frá einu horni (angle A) út til hliðar frá beinni stefnu aftur (reference axis) í átt að öðru horni (angle B) út til hliðar. Sama getur gilt um framvísandi sem ekki er staðsett framan á ökutæki og eru þá hornin A og B tekin út frá beinni stefnu fram.
- Öll ljóskeir eru sögð dreifast **upp og niður**, uppgefið í gráðum frá láréttu plani í miðju ljóskeis (mynd 4). Lóðrétt dreifing upp (above angle) er hornið frá láréttu planinu (reference axis) og upp á við. Lóðrétt dreifing niður (below angle) er hornið frá láréttu planinu og niður á við.




Mynd 1: Lárétt dreifing framvísandi og afturvísandi ljóskera til hliða (inn og út). Hér er ljóskeir á hægri hlið, séð ofan frá.



Mynd 2: Lárétt dreifing hliðarvísandi ljóskera framfyrir og afturfyrir. Hér er ljóskeir á hægri hlið, séð ofan frá.



Mynd 3: Dreifingarbil hliðarvísandi ljóskera aftur. Hér er ljóskeir á hægri hlið, séð ofan frá.



Mynd 4: Lóðrétt dreifing allra ljóskera upp og niður. Séð frá hlið.

Litur og lýsing

- Ljós eða endurskin frá ljóskerum og glitaugum, sem **gegna sama hlutverki**, skulu hafa sama lit og því sem næst sama ljósstyrk. Ljósker sem gegna sama hlutverki skulu þannig tengd að ljós logi samtímis á pari ef þau eru tvö, en á öllum ef þau eru fleiri. Undantekningar geta verið frá þessari reglu, s.s. varðandi stefnuljósker, og er það þá tekið tekið fram.
- Óheimilt er að **rautt ljós og endurskin** lýsi fram, nema annað sé tekið fram í reglum um einstök glitaugu eða glitmerkingu. Óheimilt er að **hvítt ljós og endurskin** lýsi aftur, nema annað sé tekið fram.
- Framvísandi glitaugu** skulu vera hvít, **hliðarglitaugu** skulu vera gul (nema annað sé leyft) og **afturvísandi glitaugu** skulu vera rauð.

Ljósstyrkur og lögun ljóskera

- Ljósstyrkur** skal haldast stöðugur á meðan ljósker er kveikt, nema annað sé leyfilegt (t.d. ef um er að ræða blikkljós og ljósker með breytilegum ljósstyrk). Blikkljós má kvikna og slokna í formi mynsturs (kvikni á ljósgjöfum ljósflatarins í einhverri röð og slokni aftur í sömu eða annarri röð).
- Breytilegur ljósstyrkur** má vera á afturvísandi ljóskerum (afturvísandi stefnu- og stöðuljósum, hemlaljósum, miðju-hemlaljósum og þokuafturljósum) sem stjórnast sjálfkrafa af ytri aðstæðum eins og birtu, þoku, snjókomu, rigningu, rykmengun og öðru sambærilegu. Slík virkni er útfærð af framleiðanda og þarf að uppfylla ýmsar kröfur, þ.m.t. að hlutfallslegur ljósstyrkur milli þessara ljóskera skal haldast réttur við allar aðstæður.
- Ljósstyrkur er mældur í **kandelum (cd)** en er ekki sýnilegur á ljóskerinu sjálfu, því ber að fylgja upplýsingum á umbúðum þegar verið er að fjölga ljóskerum ef hámarks ljósstyrkur margra ljóskera er háður takmörkunum. Þó er sérstök viðmiðunartala tilgreind á háljóskerum (öðru hvoru megin við E-merkinguna) og má summa þeirra ekki fara yfir tiltekið gildi (nota töluna 10 fyrir ljósker með merkingar 'R' og 'CR').
- Í **lögum ljóskera** skal ekki felast merking eða líkindi við merki (t.d. vörumerki) eða stafi.

Lögun og útfærsla glits

- Lögun glitaugna** skal vera einföld og ekki líkjast bókstöfum eða tölustöfum (að O, I, U eða 8 undanskildum). Framvísandi glitaugu og hliðarglitaugu mega ekki vera þríhyrnd, sama gildir um afturvísandi glitaugu á vélknúna ökutæki. Þríhyrnd glitaugu skulu vera með eitt horn uppvísandi.
- Útfærsla **útlínuborða** getur verið þrennskonar; **heilmerking** þegar samfelldur útlínuborði er meðfram öllum útlínum ökutækisins (auðkennir víddirnar lengd, breidd og hæð), **hlutamerking** þegar láréttur samfelldur útlínuborði er notaður (einn slíkur pr. flöt) ásamt borðastubbum í efri hornum (til að auðkenna hæð, mynda 90° horn, að lágmarki 250 mm langir hvor stubbur), og **línumerking** þegar einungis láréttur samfelldur útlínuborði er notaður.
- Skráningarmarki, þjóðernismerki, merki á kennslubifreiðum, merki á skólabifreiðum** o.þ.h. teljast ekki til glitaugna eða glitmerkinga þótt í grunnfleti þeirra sé endurskinsefni. Um útlit þeirra, staðsetningar og notkun gilda sérstakar reglugerðir.

Festing og frágangur ljóskera

- Ljósker skulu þannig gerð og **fest við ökutækið** að þau tifi ekki og að stilling þeirra geti ekki raskast við notkun.
- Þegar ljósker á ökutæki er **varið með grjótgrind** skal hún þannig gerð og komið fyrir að auðvelt sé að þrifa ljóskerið. Grjótgrind má hvorki draga að ráði úr ljósstyrk viðkomandi ljóskers né valda óeðlilegri speglun.

Flokkar ökutækja

Í töflunni er samantekt á þeim ökutækisflokkum sem vísað er til í skjalinu.

Flokkur	Heiti	Flokkur	Heiti
M1	Fólksbifreið: Bifreið með allt að 8 farþega	L1e	Létt tvíhjól/þríhjól/fjór hjól, létt tvíhjól m/hliðarvagni (kraftflít, ≤45 km/klst, auk
M2	Hópbifreið: Bifreið með 9 farþega eða fleiri og ≤5 t að leyfðri heildarþyngd	L3e	Tvíhjól (>L1e)

Flokkur	Heiti	Flokkur	Heiti
M3	Hóp bifreið: Bifreið með 9 farþega eða fleiri og >5 t að leyfðri heildarþyngd	L4e	Tvíhjól (>L1e) með hliðarvagni
N1	Sendibifreið: Bifreið til farmflutninga ≤3,5 t að leyfðri heildarþyngd (með allt að 6 farþega)	L2e	Þríhjól* (kraftminni, ≤45 km/klst)
N2	Vörubifreið: Bifreið til farmflutninga 3,5-12 t að leyfðri heildarþyngd (með allt að 8 farþega)	L5e	Þríhjól* (>L2e)
N3	Vörubifreið: Bifreið til farmflutninga >12 t að leyfðri heildarþyngd (með allt að 8 farþega)	L6e	Fjór hjól (kraftminni, ≤45 km/klst)
G	Torfærubifreið: Bifreið (M eða N) sem uppfyllir ákveðin skilyrði um drifbúnað, kasthorn og fleira	L7e	Fjór hjól (>L6e)
O1	Eftirvagn ≤0,75 t að leyfðri heildarþyngd	T	Dráttarvél á hjólum
O2	Eftirvagn >0,75 t og ≤3,5 t að leyfðri heildarþyngd	C	Dráttarvél á beltum eða bæði á hjólum og beltum
O3	Eftirvagn >3,5 t og ≤10 t að leyfðri heildarþyngd	R	Eftirvagn dráttarvéla
O4	Eftirvagn >10 t að leyfðri heildarþyngd	S	Landbúnaðartæki eða búnaður sem dráttarvél dregur

*Tvíhjól með hliðarvagni telst ekki til þríhjóla (hjólmiðjur þríhjóla mynda jafnarma þríhyrning)

Bifreið (M, N)

Lýsing | fram



Bifreið (M, N)

#lágjós bifreið

Lýsing fram

Aðalljósker – lágjósgeisli (headlamps for low beam / passing beam / dipped-beam) #4.1

ECE-R48 gr. 6.2

Gerð/Viðurkenning
ECE-R48 gr. 6.2 Ljósker uppfylli kröfur ECE-R98, R112, R123 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.01.1989 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmarkingu (eða staðfest í skráningarskránni) eftir 01.01.1989.

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R48 gr. 6.2.1 og 2 Áskilin 2 ljósker.

Litur
ECE-R48 gr. 5.15 Hvítur (má vera ljósgulur/gulur fyrir 01.01.2025).

Breiddarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.2.4.1 Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis (eftir 01.07.1990). Minnst 600 mm milli ljóskera í pari (þó minnst 400 mm ef breidd bifreiðar, annarra en M1 og N1, er <1.300 mm).

Hæðarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.2.4.2 Minnst 500 mm (má vera neðar fyrir 30.06.1990) og mest 1.200 mm (þó mest 1.350 mm á breyttri G og mest 1.500 mm á N3G).

Lengdarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.2.4.3 Að framan (má ekki valda öikumanni glýju eða óþægindum).

Vísun/Dreifing/Lögum
ECE-R48 gr. 6.2.5 Lárétt inn >10° og út >45°. Lóðrétt upp >15° og niður >10°.

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R48 gr. 6.2.6 Lágjósgeisli skal lýsa að lágmarki 40 m fram á akbrautina og ekki lýsa lengra en 80 m fram á veginn. Hann má ekki hafa minni niðurvísun en 1%.

Tenging (birting/blikk)
ECE-R48 gr. 6.2.7 Ekki má vera hægt að kveikja lágjós nema stöðuljós (og númersljós ásamt hliðarljósum og breiddarljósum ef til staðar) séu kveikt, sjá þó um dagljós. Slokkna má á framvísandi stöðuljóskerum þegar lágjós eru kveikt ef lágjóskerin uppfylla ákvæði um staðsetningu og dreifingu stöðuljóskera. Mega loga með háljósum. Mega kvikna og slokkna sjálfkrafa, en þó þarf alltaf að vera hægt að kveikja og slökkva á þeim handvirkt. Skulu kvikna sjálfkrafa þegar dimmir (s.s. að nóttu eða ekið er um göng) eftir 01.01.2025.

Gaumljós/-búnaður
ECE-R48 gr. 6.2.8 Leyft sílogandi gaumljós.

Aðrar reglur
ECE-R48 gr. 6.2.9 Sjálfvirk hæðarstilling skal vera til staðar á LED aðalljósum. Ef aðalljós eru útbúin með ljósgjafa sem er >2.000 lumen (venjulega xenon) skal sjálfvirk hæðarstilling og hreinsunarbúnaður vera til staðar.

Lágjós eru notuð til að lýsa upp veginn framan við ökutækið án þess að valda öikumönnum sem koma á móti eða öðrum vegfarendum óþarfa glýju eða óþægindum.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að stilling sé rétt.
- Að hreinsunarbúnaður virki (áskilinn).



© Hella

Bifreið (M, N)

#háljós bifreið

Lýsing fram

Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving beam / main beam) #4.1

ECE-R48 gr. 6.1

Gerð/Viðurkenning
ECE-R48 gr. 6.1

Ljósker uppfylli kröfur ECE-R98, R112, R123 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.01.1989 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmörkingu (eða staðfest í skráningarskírteini) eftir 01.01.1989 (aukaháljós eftir 01.03.1994).

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R48 gr. 6.1.1 og 2

Áskilin 2 ljósker, leyfð 2 viðbótarljósker (og 4 viðbótarljósker leyfð á N3). Heimilt er að hafa aðeins eitt viðbótarljósker í stað pars viðbótarljóskera og skal það þá vera í miðju (séríslensk ákvæði).

Litur
ECE-R48 gr. 5.15

Hvítur (má vera ljósgulur/gulur fyrir 31.12.2024).

Breiddarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.1.4.1

Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).

Hæðarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.1.4.2

Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).

Lengdarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.1.4.3

Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum). Má ekki valda öikumanni glýju eða óþægindum.

Vísun/Dreifing/Lögun
ECE-R48 gr. 6.1.5

Lárétt $\pm 5^\circ$. Lóðrétt $\pm 5^\circ$.

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R48 gr. 6.1.6

Hálgjósgeisli skal lýsa að lágmarki 100 m fram á akbrautina og miðja ljósgeisla má ekki lýsa ofar en beint fram.

Tenging (birting/blikk)
ECE-R48 gr. 6.1.7

Tengd um eigin rofa og skal ekki geta kviknað á þeim nema stöðuljós (og númersljós ásamt hliðarljósum og breiddarljósum ef til staðar) séu kveikt. Hægt skal vera að blikka hálgjósum með blikkrofa (og gildir þá ekki þessi tengingarkrafa). Viðbótarljósker (aukaháljósker) skulu kvikna samtímis áskildum hálgjósum eða þau tengd um sérstaka rofa (með áskildum hálgjósum). Þegar skipt er af hálgjósum á lággljós skulu öll hálgjósín slokkna samtímis.

Hálgjós má aðeins vera hægt að kveikja í þörum. Aðeins má loga á einu viðbótarljóskerapari (aukaháljóspari) í einu. Heimilt er að virkni hálgjósa sé sjálfkrafa (t.d. kvikni í myrkri og slokkni þegar ökutæki mætast).

Hálgjós mega loga með lággljósum. Slokkna má á framvísandi stöðuljóskerum þegar hálgjós eru kveikt ef hálgjóskerin uppfylla ákvæði um staðsetningu og dreifingu stöðuljóskera.

Gaumljós/-búnaður
ECE-R48 gr. 6.1.8

Áskilið sílogandi gaumljós (eftir 01.01.2025).

Aðrar reglur
ECE-R48 gr. 6.1.9

Samanlagt ljósmagn áskilinna og leyfilegra hálgjóskera sem mega loga í einu má mest vera 430.000 cd (jafngildir viðmiðunartölu 100). Hálgjósgeisli má snúast út til hliðar þegar beygt er í viðkomandi átt (til að veita betri útsýn til hliðar í beygjum), en aðeins má eitt hálgjósker á hvorri hlið vera þannig útfært.

Orðskýring: Viðbótarljósker hálgjósa ganga líka undir nafninu aukaháljósker.

Hálgjósgeisli er notaður til að lýsa upp veginn langa vegalengd fyrir framan ökutækið utan þéttbýlis.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að stilling sé rétt.
- Að aðeins geti logað á 2 þörum í einu.
- Að fjöldi ljóskera sé samkvæmt reglum.



© Hella

Bifreið (M, N)

#dagljós bifreið

Lýsing fram

Dagljósker (daytime running lamps) #4.2

ECE-R48 gr. 6.19

Gerð/Viðurkenning
ECE-R48 gr. 6.19 Ljósker uppfylli kröfur ECE-R87 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R48 gr. 6.19.1 og 2 Áskilin 2 ljósker (eftir 01.01.2012) (eða sjálfkrafa virkni hluti af öðrum ljóskerum).

Litur
ECE-R48 gr. 5.15 Hvítur (má vera gulur fyrir 31.12.2024).

Breiddarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.19.4.1 Minnst 600 mm milli beggja dagljóskeranna (þó minnst 400 mm ef breidd bifreiðar er <1.300 mm).

Hæðarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.19.4.2 Minnst 250 mm og mest 1.500 mm.

Lengdarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.19.4.3 Að framan (og má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).

Vísun/Dreifing/Lögun
ECE-R48 gr. 6.19.5 Lárétt minnst $\pm 20^\circ$. Lóðrétt minnst $\pm 10^\circ$.

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R48 gr. 6.19.6 ---

Tenging (birting/blikk)
ECE-R48 gr. 6.19.7 Kvikna skal sjálfkrafa á sérstökum dagljóskerum við gangsetningu ökutækis (eða í síðasta lagi þegar ekið er af stað) og eftir 01.01.2025 gildir að kvikna skuli sjálfkrafa á dagljósum (þ.e. sérstökum dagljóskerum eða sjálfkrafa virkni hluti af öðrum ljóskerum). Skulu slökkn sjálfkrafa þegar kveikt er á aðalljósum eða þokuljósum (má þó vera hægt að blikka háljósum án þess að dagljós slökkn). Stöðuljós að aftan mega kvikna og lýsa samhliða dagljósum (og sama gildir um stöðuljós að framan og númersljós ásamt hliðarljósum og breiddarljósum ef til staðar).

Séu dagljósker og stefnuljósker sambyggð skal dagljósið slökkn á þeirri hlið sem stefnuljósið blikkar. Sé ≤ 40 mm bil milli dagljósa og stefnuljósa má dagljósið slökkn (eða dregið úr ljósstyrk þess) á þeirri hlið sem stefnuljósið blikkar.

Heimilt er að nota aðalljósker eða þokuljósker sem dagljós, enda uppfylli þau ofangreind skilyrði um tengingu og þurfa þau þá ekki að uppfylla skilyrði um tengingu aðal- og þokuljósa á meðan þau eru notuð sem dagljós.


Gaumljós/-búnaður
ECE-R48 gr. 6.19.8 Leyft sílogandi gaumljós.

Aðrar reglur

Dagljós eru vel sýnileg ljósker framan á ökutæki (en lýsa samt ekki upp veginn) og eru notuð til að gera ökutækið sýnilegra þegar ekið er á daginn (sýnilegra en lýsingin frá stöðu-, kyrrstöðu- og breiddarljóskerum).

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að tenging sé rétt.



© Hella

Bifreið (M, N)

#pokuljós bifreið

Lýsing fram

Pokuljósker (fog lamps) #4.5


ECE-R48 gr. 6.3

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.3	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R19 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.07.1990 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmerkingu (eða staðfest í skráningarskrifteini) eftir 01.07.1990.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.3.1 og 2	Leyfð 2 ljósker.
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Hvítur eða gulur.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.3.4.1	Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis (eftir 01.01.1999).
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.3.4.2	Ekki hærrí en lágljósker. Minnst 250 mm og mest (eftir 01.01.2025) 800 mm fyrir M1 og N1, og mest 1.200 mm fyrir aðra flokka (nema N3G má mest 1.500 mm).
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.3.4.3	Að framan (má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.3.5	Lárétt inn >10° og út >45°. Lóðrétt minnst ±5°.
Stilling og ljósstyrkur ECE-R48 gr. 6.3.6	Geisli skal ekki lýsa lengra fram á akbrautina en geisli lágljóss.
Tenging (birting/blikk) ECE-R48 gr. 6.3.7	Skulu tengd stöðuljóskerum um eigin rofa (óháð öðrum ljóskerum).
Gaumljós/-búnaður ECE-R48 gr. 6.3.8	Áskilið sílogandi gaumljós.
Aðrar reglur ECE-R48 gr. 6.3.6.2.2	Sérstakar reglur í tengslum við aðalljós með AFS er að finna í R123 (aðlagandi ljósabúnaður).

Pokuljós er notað til að bæta lýsingu á veginum framán við ökutækið ef þoka eða svipuð veðurskilyrði valda því að skyggni er skert.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að stilling sé rétt.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Bifreið (M, N)

#ljóskastaribifreið

Lýsing fram

Ljóskastari (auxiliary driving light) #4.12

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Gerð/Viðurkenning Reglugerðarákvæði	Ljósker uppfylli neðangreindar kröfur (ekki krafa um viðurkenningarmerkingar).
Fjöldi (áskilið/leyft) Reglugerðarákvæði	M2, M3, N2, N3, allir G: Leyfð 1 eða 2 ljósker (sjá Breiddarstaðsetning).
Litur Reglugerðarákvæði	Hvítur eða gulur.
Breiddarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Ekki sérstaklega tilgreind ef tveir ljóskastarar eru notaðir, en ef einn ljóskastari er notaður skal hann vera í miðju.
Hæðarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).
Langdarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).
Vísun/Dreifing/Lögun Reglugerðarákvæði	Ljóskastari skal lýsa fram á við. Má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum.
Stilling og ljósstyrkur Reglugerðarákvæði	---
Tenging (birting/blikk) Reglugerðarákvæði	Ljóskastarar skulu tengdir háljósum um eigin rofa, þó fyrir breytta G gildir að ljóskastarar mega vera tengdi stöðuljósum um eigin rofa. Ljóskastari má ekki geta blikkað með blikkrofa háljósa.
Gaumljós/-búnaður Reglugerðarákvæði	Áskilið sílogandi gaumljós.
Aðrar reglur	Ljóskerin má einungis nota (a) utan alfaravega og (b) í ófærð á vegum utan þéttbýlis þegar aðalljós koma að takmörkuðum notum vegna snjólags eða skafrennings. Staðsetning ljóskera má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum. Ljóskastarar mega vera með tvískiptan ljósgeisla (fyrir 31.12.2024).

Ljóskastarar eru leyfilegir á vöru- og hópbifreiðir og breyttar torfærubifreiðir, á grundvelli séríslenskra ákvæða. Ætlaðir til notkunar utan alfaravega eða í ófærð á vegum utan þéttbýlis þegar aðalljós koma að takmörkuðum notum vegna snjólags eða skafrennings.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að ljóskerin séu leyfileg á ökutækinu.
- Að tenging sé rétt.
- Að fjöldi og staðsetning sé í lagi.



Dæmi um ljósker (aðeins er leyft eitt par eða eitt miðjúljósker). © Hella

Bifreið (M, N)

#stöðuljós bifreið

Lýsing fram

Stöðuljós (position lamps) #4.2

ECE-R48 gr. 6.9

Gerð/Viðurkenning
ECE-R48 gr. 6.9 Ljósker uppfylli kröfur ECE-R7 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R48 gr. 6.9.1 og 2 Áskilin 2 ljósker. Leyfð 2 viðbótarljósker fyrir 31.12.2024.

Litur
ECE-R48 gr. 5.15 Hvítur.

Breiddarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.9.4.1 Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis. Ekki er krafa um bil á milli ljóskera í pari á M1 og N1 en fyrir aðra ökutækisflokkka er minnst 600 mm bil milli ljóskera í pari (þó minnst 400 mm ef breidd bifreiðar er <1.300 mm).

Hæðarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.9.4.2 Minnst 250 mm og mest 1.500 mm (þó mest 2.100 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis).

Lengdarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.9.4.3 Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).

Vísun/Dreifing/Lögun
ECE-R48 gr. 6.9.5 Lárétt inn >45° og út >80°. Lóðrétt minnst ±15° (þó bara >5° niður ef hæð ljóskera er <750 mm). Sjá mögulega minni takmarkanir fyrir M1 og N1 í gr. 6.9.5.2.

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R48 gr. 6.9.6 ---

Tenging (birting/blikk)
ECE-R48 gr. 6.9.7 Framvísandi stöðuljós skulu tengd með öðrum stöðuljósum og númersljósum ásamt hliðarljósum og breiddarljósum (ef til staðar). Mega vera tengd þannig að á meðan stefnuljós blikkar þá slokkni stöðuljosið á þeirri hlið (gildir þó bara þegar framvísandi stöðu- og stefnuljós er sambyggt í ljóskeri). Framvísandi stöðuljós mega vera tengd þannig að það slokkni á þeim þegar kveikt er á aðalljósum eða þokuljósum, að því gefnu að komi upp bilun í þeim ljósum þá kvikni á ný á stöðuljósum og að þessi ljós uppfylli að öðru leyti kröfurnar sem gerðar eru til dreifingu stöðuljósá.

Gaumljós/-búnaður
ECE-R48 gr. 6.9.8 Áskilið sílogandi gaumljós (eftir 01.01.2025, þó ekki áskilið ef mælaborðslýsing kviknar með stöðuljósum og aldrei annars).

Aðrar reglur ---

Stöðuljós fram eru notuð til að gefa til kynna tilvist og breiddarumfang ökutækisins þegar horft er framan á það.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að gaumljós virki rétt.



© Hella

Bifreið (M, N)

#stefnuljós bifreið

Lýsing fram

Stefnuljós (direction indicators) #4.4

ECE-R48 gr. 6.5

Gerð/Viðurkenning
ECE-R48 gr. 6.5 Ljósgerðir uppfylli kröfur ECE-R6 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R48 gr. 6.5.1 og 2 Áskilin 2 ljósgerðir (eftir 24.03.1959).

Litur
ECE-R48 gr. 5.15 Rauðgulur (heimilt að á ökutækjum frá USA og Kanada sé litur hvítur fyrir 31.12.2024).

Breiddarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.5.4.1 Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis. Minnst 600 mm milli beggja ljósker (þó minnst 400 mm ef breidd bifreiðar er <1.300 mm).

Hæðarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.5.4.2 Minnst 350 mm og mest 1.500 mm (þó mest 2.100 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis).

Lengdarstaðsetning
ECE-R48 gr. 6.5.4.3 Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).

Vísun/Dreifing/Lögun
ECE-R48 gr. 6.5.5 Lárétt inn >45° og út >80°. Lóðrétt minnst ±15° (þó bara >5° niður ef hæð ljósker er <750 mm og má þá lárétt inn vera >20° fyrir M1 og N1).

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R48 gr. 6.5.6 ---

Tenging (birting/blikk)
ECE-R48 gr. 6.5.7 Skulu tengd um stefnuljósarofa óháð öðrum tegundum ljósker. Öll stefnuljósgerðir vegna sömu beygjuáttar skulu blikka í takt (með blikktíðni milli 60 og 120 leiftur á mínútu).

Gaumljós/-búnaður
Tenging (birting/blikk) ECE-R48 gr. 6.11.7	Tengt um eigin rofa og skal ekki vera hægt að kveikja nema aðalljós (lággljós eða hálgjós) eða þokuljós séu kveikt.
Gaumljós/-búnaður ECE-R48 gr. 6.11.8	Áskilið sílogandi gaumljós.
Aðrar reglur ECE-R48 gr. 6.11.9	Fjarlægðarbil milli þokuafturljósa og hamlaljóska minnst 100 mm. Heimilt er þokuafturljós á dráttartæki slokkni við tengingu eftirvagns, enda komi þá þokuafturljós eftirvagnsins í staðinn.

Gerðir F, F1 eða F2 skv. ECE-R38 gr. 6.1:
Gerð F, F1 (stöðugur ljósstyrkur) = lágm. ljósstyrkur 150 cd, mest 300 cd
Gerð F2 (breytilegur ljósstyrkur) = lágm. ljósstyrkur 150 cd, mest 840 cd

Þokuafturljós er notað til að gera ökutækið sýnilegra að aftan í þéttri þoku.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að stilling sé rétt.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Eftirvagn (O)

Lýsing aftur

#breiddarljóseftirvagn

Breiddarljósger (end-outline marker lamps, contour lamps, clearance lamps) #4.2


ECE-R48 gr. 6.13

Gerð/Viðurkenning ECE-R7	Ljósger uppfylli kröfur ECE-R7 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.13.1 og 2	Breidd >2,10 m (eftir 01.01.2007), breidd >2,30 (eftir 01.03.1988), breidd >2,35 (fyrir 29.02.1988): Áskilin 2 ljósger, leyfð 2 viðbótarljósger. Breidd >1,8 m: Leyfð 2 eða 4 ljósger.
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Rauður.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.13.4.1	Eins nálægt ystu brún ökutækis og hægt er, þó ekki innar en 400 mm frá ystu brún.
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.13.4.2	Svo hátt sem hægt er að uppfylltum öðrum skilyrðum.
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.16.4.3	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum, sjá m.a. kaflann Aðrar reglur).
Vísun/Dreifing/Lögum ECE-R48 gr. 6.13.5	Lárétt út >80°. Lóðrétt upp >5° og niður >20°.
Stilling og ljósstyrkur ECE-R48 gr. 6.13.6	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R48 gr. 6.13.7	Afturvísandi breiddarljósger skulu tengd með öðrum breiddarljósum, stöðuljósum og númersljósum ásamt hliðarljósum (ef til staðar).
Gaumljós/-búnaður ECE-R48 gr. 6.13.8	Leyft gaumljós, skal þá uppfylla skilyrði um gaumljós fyrir stöðuljós.
Aðrar reglur ECE-R48 gr. 6.13.9	Fram- og afturvísandi breiddarljósger mega verið sambyggð í einu ljósgeri ef ákvæði um staðsetningu ljósgeranna og dreifingu ljóssins eru uppfyllt. Fjarlægðarbíl að stöðuljósi minnst 200 mm.
	Gerðir R, R1, R2, RM1 eða RM2 (sýnileg aftanfrá) skv. ECE-R7 gr. 6.1: Gerð R, R1, RM1 (stöðugur ljósstyrkur) = lágm. ljósstyrkur 4 cd, hámm. pr ljósger 17 cd (þó 8,5 cd ef D-merkt). Gerð R2, RM2 (breytilegur ljósstyrkur) = lágm. ljósstyrkur 4 cd, hámm. pr ljósger 42 cd (þó 21 cd ef D-merkt).

Breiddarljósum er komið fyrir nálægt ystu brúnum og eins nálægt toppi ökutækisins og hægt er og ætlað að gefa skýrt til kynna heildarbreidd ökutækisins. Þessum ljósum er ætlað (fyrir tiltekin ökutæki) að vekja sérstaka athygli á umfangi þess.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að ljósgerin séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Eftirvagn (O)

Lýsing aftur

#aðgreiningarljóseftirvagn

Aðgreiningarljós (identification lamps) #4.12

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Gerð/Viðurkenning Reglugerðarákvæði	Ljósker uppfylli neðangreindar kröfur (ekki krafa um viðurkenningarmerkingar).
Fjöldi (áskilið/leyft) Reglugerðarákvæði	O2, O3 og O4 ef breidd >2,1 m: Leyfð 3 ljósker (öll saman í röð yfir mest 600 mm breiddarbil).
Litur Reglugerðarákvæði	Rauður.
Breiddarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Ljóskerin skulu vera þrjú í röð sem næst miðlínu ökutækis. Fjarlægð frá miðlínu að miðju ytri ljóskera skal vera á milli 150 mm og 300 mm.
Hæðarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Staðsett svo hátt sem hægt er, t.d. aftast á þaki yfirbyggingar.
Lengdarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).
Vísun/Dreifing/Lögun	---
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) Reglugerðarákvæði	Skulu tengd með stöðuljósum (fram og aftur) og númersljósum ásamt hliðarljósum og breiddarljósum (ef til staðar).
Gaumljós/-búnaður Reglugerðarákvæði	Óheimilt.
Aðrar reglur	---

Aðgreiningarljós eru notuð í USA og Kanada til að aðgreina ökutæki sem eru breiðari en 80 tommur (rúmlega 2 m). Um er að ræða séríslenska heimild til notkunar hérlendis.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að ljóskerin séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.
- Að tenging sé rétt.



Amazon

Eftirvagn (O)

Lýsing | hringinn



Eftirvagn (O)

Lýsing hringinn

#hættuljóseftirvagn

Hættuljós (hazard warning signal, emergency stop signal) #4.4

ECE-R48 gr. 6.6

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.6.1	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.6.2	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.6.4.1	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.6.4.2	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.6.4.3	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.6.5	Nota skal stefnuljós í þessum tilgangi, sjá kröfur til þeirra.
Stilling og ljósstyrkur ECE-R48 gr. 6.6.6	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R48 gr. 6.6.7	Samtengd hættuljósum bifreiðar sem dregur.
Gaumljós/-búnaður ECE-R48 gr. 6.6.8	Áskilið rautt gaumljós sem blikkar í takt við stefnuljós.
Aðrar reglur ECE-R48 gr. 6.6.9	Hættuljós skulu geta logað án þess að straumlás bifreiðar sé tengdur.

Athuga: Reglum um neyðarhættuljós er lýst í grein 6.23.

Hættuljós eru notuð eru til að gefa upplýsingar um það til annarra vegfarenda að stöðvun eða lagning ökutækisins geti valdið hættu eða hætta sé framundan (séu þau notuð í akstri).

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að rofi og blikk virki.



© carkeys.co.uk

Eftirvagn (O)

Lýsing hringinn

#vinnuljóseftirvagn

Vinnuljós (work lamps) #4.12

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Gerð/Viðurkenning Reglugerðarákvæði	Ljósgerð uppfulli neðangreindar kröfur (ekki krafa um viðurkenningarmerkingar).
Fjöldi (áskilið/leyft) Reglugerðarákvæði	Leyfð 1 eða 2 ljósger.
Litur Reglugerðarákvæði	Hvítur.
Breiddarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Sjá Aðrar reglur.
Hæðarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Sjá Aðrar reglur.
Lengdarstaðsetning Reglugerðarákvæði	Sjá Aðrar reglur.
Vísun/Dreifing/Lögun Reglugerðarákvæði	Sjá Aðrar reglur.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) Reglugerðarákvæði	Skulu tengd stöðuljósgerum um eigin rofa.
Gaumljós/-búnaður Reglugerðarákvæði	Áskilið sílogandi gaumljós.
Aðrar reglur	Vinnuljósger geta þau ljós talist sem nota má til vinnu við ökutækið og jafnvel til sérstakrar vinnu með ökutækinu annarrar en venjulegs aksturs (t.d. snjósmoksturs). Þau skulu staðsett utan á því og lýsa til hliðar, niður eða aftur og hafa stillanlega festingu. Ljósgerin mega ekki vera sambyggð eða í ljóssamstæðu með öðrum ljósgerum.

Vinnuljós eru sérstök ljósger sem notuð eru við sérstakar aðstæður aðrar en til venjulegs aksturs. Túlka verður heimildina þröngt enda liggur í orðanna hljóðan að hvaða ljósger sem er getur ekki verið vinnuljós.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að hægt sé að stilla afstöðu vinnuljóss.
- Að gaumljós virki rétt.



© Kuda

Eftirvagn (O)

Glitaugu | hringinn



Eftirvagn (O)

Glitaugu fram

#glitaugueftirvagn

Framglitaugu (retro-reflectors) #4.8


ECE-R48 gr. 6.16

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.16.1	Glitaugu uppfylli kröfur ECE-R3 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.03.1994 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmerkingu eftir 01.03.1994.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.16.2	Áskilin 2 glitaugu (eftir 01.07.1990), leyfð fleiri viðbótarglitaugu (í pörum).
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Hvítur.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.16.4.1	Mest 150 mm frá ystu brún ökutækis. Bil á milli glitaugna í pari minnst 600 mm (þó minnst 400 mm ef breidd eftirvagns er <1.300 mm).
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.16.4.2	Minnst 250 mm og mest 900 mm (þó mest 1.500 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis).
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.16.4.3	Að framan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.16.5	Lárétt minnst $\pm 30^\circ$ (þó minnst 10° út á áskildum glitaugum ef þörf er vegna lögunar eftirvagnsins en þá skal viðbótarglitaugum komið fyrir sem uppfylla 30 gráðurnar). Lóðrétt minnst $\pm 10^\circ$ (þó bara $>5^\circ$ niður ef hæð glitauga er <750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur	Endurskinsflötur má ekki vera þríhyrndur. Endurskinsflötur má vera sameiginlegur, að hluta eða í heild, með lýsandi flötum af hvaða tagi sem er.

Glitaugu eru notuð til að vekja athygli á tilvist ökutækis, hvort sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að glitaugun séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Eftirvagn (O)

#glitaugueftirvagn

Glitaugu hliðar

Hliðarglitaugu (retro-reflectors) #4.8

ECE-R48 gr. 6.17

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.17.1	Glitaugu uppfylli kröfur ECE-R3 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.07.1990 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmerkingu eftir 01.07.1990.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.17.2	Áskilin (eftir 01.03.1994). Áskilinn/leyfður fjöldi glitaugna fer eftir lengd, sjá um Lengdarstaðsetningu.
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Rauðgulur, litur aftasta hliðarglitauga má þó vera rauður ef glitaugað er í ljóساسamstæðu með afturvísandi stöðuljósi, afturvísandi breiddarljósi, þokuafturljósi, hemlaljósi eða afturvísandi glitauga, eða á eftirvagni frá USA eða Kanada (án skilyrða).
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.17.4.1	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum).
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.17.4.2	Minnst 250 mm og mest 900 mm (þó mest 1.500 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis). Hæð glitauga sem er hluti af ljóساسamstæðu (ekki sjálfstætt glitauga) má þó aldrei vera meiri en 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.17.4.3	Minnst 1 glitauga á miðþriðjungi ökutækis. Fremsta mest 3 m frá fremstu brún. Aftasta mest 1 m frá öftustu brún. Mest 3 m á milli einstakra glitaugna (þó mest 4 m ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.17.5	Lárétt minnst ±45° fram- og afturfyrir. Lóðrétt minnst ±10° (þó bara >5° niður ef hæð glitauga er <750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur	Endurskinsflötur má ekki vera þríhyrndur. Endurskinsflötur má vera sameiginlegur, að hluta eða í heild, með lýsandi flötum af hvaða tagi sem er.

Glitaugu eru notuð til að vekja athygli á tilvist ökutækis, hvort sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að glitaugun séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Eftirvagn (O)

#glitaugueftirvagn

Glitaugu aftur

Afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8

ECE-R48 gr. 6.14

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.14.1	Glitaugu uppfylli kröfur ECE-R3 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.07.1990 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmerkingu eftir 01.07.1990.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.14.2	Leyfð 2 glitaugu (og fleiri) en bara ef þau eru hluti af ljóساسamstæðu (ekki sjálfstæð glitaugu).
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Rauður.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.14.4.1	Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis. Bil á milli glitaugna í pari minnst 600 mm (þó minnst 400 mm ef breidd eftirvagns er <1.300 mm).
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.14.4.2	Minnst 250 mm og mest 900 mm (þó mest 1.500 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis). Hæð glitauga sem er hluti af ljóساسamstæðu (ekki sjálfstætt glitauga) má þó aldrei vera meiri en 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.14.4.3	Að aftan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.14.5	Lárétt minnst $\pm 30^\circ$. Lóðrétt minnst $\pm 10^\circ$ (þó bara $> 5^\circ$ niður ef hæð glitauga er < 750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur	Endurskinsflötur umræddra glitaugna má ekki vera þríhyrndur (sjá um þríhyrnd afturglitaugu eftirvagna). Endurskinsflötur skal vera sameiginlegur, að hluta eða í heild, með lýsandi flötum af hvaða tagi sem er.

Glitaugu eru notuð til að vekja athygli á tilvist ökutækis, hvort sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að glitaugun séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.



Dæmi um ljóساسamstæðu aftan á eftirvagni, glit leynist í öðrum flötum en þessum þríhyrnda.

Eftirvagn (O)

Glitaugu aftur

#glitaugueftirvagn

Þríhyrnd afturglitaugu (retro-reflectors) #4.8


ECE-R48 gr. 6.15

Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.15.1	Glitaugu uppfylli kröfur ECE-R3 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.07.1990 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E-, e-, UI- eða DOT-viðurkenningarmerkingu eftir 01.07.1990.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.15.2	Áskilin 2 glitaugu (eftir 15.05.1964).
Litur ECE-R48 gr. 5.15	Rauður.
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.15.4.1	Mest 400 mm frá ystu brún ökutækis. Bil á milli glitaugna í pari minnst 600 mm (þó minnst 400 mm ef breidd eftirvagns er <1.300 mm).
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.15.4.2	Minnst 250 mm og mest 900 mm (þó mest 1.500 mm ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis). Hæð glitauga sem er hluti af ljóساسamstæðu (ekki sjálfstætt glitauga) má þó aldrei vera meiri en 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.15.4.3	Að aftan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.15.5	Lárétt minnst ±30°. Lóðrétt minnst ±15° (þó bara >5° niður ef hæð glitauga er <750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur	Endurskinsflötur skal vera þríhyrndur og á eitt hornið að snúa upp. Endurskinsflötur má vera sameiginlegur, að hluta eða í heild, með lýsandi flötum af hvaða tagi sem er.

Glitaugu eru notuð til að vekja athygli á tilvist ökutækis, hvort sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að glitaugun séu leyfileg á ökutækinu.
- Að staðsetning sé rétt.



© Hella

Eftirvagn (O)

Glitmerkingar | hringinn



Eftirvagn (O)

Glitmerkingar

#glitmerkingareftirvagn

Pungaflutningsglitmerki (rear marking plates for heavy and long vehicles) #4.8

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja


Gerð/Viðurkenning Reglugerðarákvæði	Glitmerkingar uppfylli kröfur ECE-R70 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E- eða e-viðurkenningarmerkingu eftir 01.01.2001. Glitflokkur 2 og 4.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R70 gr. A15:2	Áskilin glitmerki á eftirfarandi ökutæki (eftir 01.01.2025): - O1, O2 og O3 af lengd >8 m: 1, 2 eða 4 glitmerki. - O4: 1, 2 eða 4 glitmerki.
Litur ECE-R70 gr. A5:2	Rauður og gulur (tvílit, sjá litasamsetningu í Vísun/Dreifing/Lögun).
Breiddarstaðsetning ECE-R70 gr. A5:3	Að aftan. Tveimur glitmerkjum skal komið fyrir sem næst hornum ökutækis. Ef eitt merki er notað skal það vera í miðju. Stakt merki skal vera lárétt, 2 eða 4 merkjum má snúa lárétt (í pari) eða lóðrétt (í pari).
Hæðarstaðsetning ECE-R70	Ekki sérstaklega tilgreint (að uppfylltum öðrum skilyrðum).
Lengdarstaðsetning	---
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R70 gr. 2.1.3 og A5:3	Lögun og útfærsla glitmerkjanna: Ferhyrnt merki með rauðum 40 mm breiðum ramma og gulri miðju. Breidd merkisins skal vera 200 mm. Rauði liturinn getur verið með hefðbundnu gliti eða flúrgliti (fluorescence). Heildarlengd (samanlögð ef skipt niður) glitmerkjanna (á ökutækinu) skal vera á bilinu 1.130-2.300 mm og má nota eitt merki, tvö jafn löng merki eða fjögur jafn löng merki til að ná þeirri heildarlengd.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur ECE-R70 gr. A10	Glitmerkið skal vera stíf plata, t.d. úr málmni eða sambærilegu endingargóðu efni (ekki úr sveigjanlegu efni, s.s. plastborða).

Athuga: Þessar glitmerkingar hafa aldrei verið skilgreindar í íslenski reglugerð.

Pungaflutningsglitmerkjum er ætlað að auka sýnileika ökutækja sem eru þung og/eða löng.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að heimilt sé að hafa merkingarnar.
- Að merkingum sé rétt komið fyrir.



Dæmi um fyrirkomulag merkjanna.

Eftirvagn (O)

#glitmerkingareftirvagn

Glitmerkingar

Útlínuborðar (contour/conspicuity markings) #4.8

ECE-R48 gr. 6.21


Gerð/Viðurkenning ECE-R48 gr. 6.21	Glitmerkingar uppfylli kröfur ECE-R104 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E- eða e-viðurkenningarmerkingu eftir 01.01.2001. Glitflokkur C.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R48 gr. 6.21.1 og 2	<p>Að aftan – heilmerking (nota má línumerkingu ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis):</p> <ul style="list-style-type: none"> - O3 og O4 af breidd >2.100 mm: Áskilin. - O (þó ekki O1): Leyfð í öðrum tilvikum (óháð stærðum). <p>Á hlið – hlutamerking (heilmerking heimil, nota má línumerkingu ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis):</p> <ul style="list-style-type: none"> - O3 og O4 af lengd >6.000 mm: Áskilin. - O (þó ekki O1): Leyfð í öðrum tilvikum (óháð stærðum). <p>Að framan – línumerking (heilmerking og hlutamerking óheimil):</p> <ul style="list-style-type: none"> - O2, O3 og O4: Leyfð. <p>Sjá nánari útfærslu í Vísun/Dreifing/Lögun. Undanskildir þessum kröfum eru ófullsmíðuð ökutæki. Leyfðar merkingar skulu fylgja öllum kröfum um útfærslu.</p>
Litur ECE-R48 gr. 5.15	<p>Framvísandi: Hvítur.</p> <p>Hliðarvísandi: Hvítur eða gulur (nota annan hvorn litinn).</p> <p>Afturvísandi: Rauður eða gulur (nota annan hvorn litinn).</p>
Breiddarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.21.4 og 7	Borðar skulu ná yfir >70% breiddar ökutækisins. Fjarlægðarbil í hemlaljósker >200 mm.
Hæðarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.21.4	<p>Neðri borði: Minnst 250 mm og mest 1.500 mm (þó mest 2.500 ef nauðsynlegt er vegna lögunar ökutækis).</p> <p>Efri borði: Mest 400 mm frá efstu brún.</p>
Lengdarstaðsetning ECE-R48 gr. 6.21.4	<p>Borðar skulu ná yfir >70% lengdar ökutækisins*.</p> <p>Mest 600 mm frá fremsta/aftasta hluta ökutækis*.</p> <p>*Aðeins þarf að merkja yfirbyggingu á hengi- og tengivagni, mælingar miðist við það.</p>
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R48 gr. 6.21.5	Breidd borða 40-60 mm í viðeigandi litum og af þeim lengdum sem uppfylla breiddar-, hæðar- og lengdarstaðsetningar borða. Borðar skulu vera samfelldir (þó má slíta þá við fyrirstöður eða vegna stuttra bila í yfirbyggingu). Heilmerking, hlutamerking og línumerking er útskýrð í meginreglum.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk)	---
Gaumljós/-búnaður	---
Aðrar reglur	Glitmerkingarnar geta verið í formi sveigjanlegra límborða eða úr sambærilegu efni.

Athuga: Þessar glitmerkingar hafa verið nefndar „auðkenningarborðar“ í íslenskri reglugerð.

Útlínuborðum er ætlað að auka sýnileika ökutækis með því að auðkenna útlínur þess, séð framan frá, frá hlið eða aftan frá.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að heimilt sé að hafa merkingarnar.
- Að merkingum sé rétt komið fyrir.



Dæmi um útfærslu (© DM / phosphorescentpaint.co.uk)

Eftirvagn (O)

#glitmerkingareftirvagn

Glitmerkingar

Auglýsingaglitmerkingar (distinctive markings/graphics) #4.8

ECE-R150

Gerð/Viðurkenning
ECE-R150 Glitmerkingar uppfylli kröfur ECE-R104 og R150 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Krafa um sýnilega E- eða e-viðurkenningarmerkingu eftir 01.01.2001 og merkt flokki glitfernis. Sé endurskinsflötur minni en 2 m² skal glitmerkingin uppfylla flokk D (sterkara endurskin), sé hann stærri skal glitmerkingin uppfylla flokk E (daufara endurskin). Glitflokkur D og E.

Fjöldi (áskilið/leyft)
ECE-R150 O3, O4: Leyfð á hlið innan útlínuborða.

Litur
ECE-R150 Marglitur (grafík). Endurskin frá glitmerkingu skal vera áberandi daufara en endurskin frá útlínuborðum.

Breiddarstaðsetning
ECE-R150 ---

Hæðarstaðsetning
ECE-R150 ---

Lengdarstaðsetning
ECE-R150 Glitmerking er einungis heimil á hlið ökutækis og innan marka útlínuborða.

Vísun/Dreifing/Lögun
ECE-R150 ---

Stilling og ljósstyrkur
ECE-R150 Endurskin frá glitmerkingu skal vera áberandi daufara en endurskin frá útlínuborðum.

Tenging (birting/blikk)

Gaumljós/-búnaður

Aðrar reglur Glitmerkingarnar geta verið í formi límfilma eða úr sambærilegu efni.

Athuga: Þessar glitmerkingar hafa verið nefndar „glitmerking“ í íslenskri reglugerð.

Heimilt er á tiltekin ökutæki að dauft viðurkennt endurskinsefni í mismunandi litum (grafík) sé á hliðum þeirra til upplýsinga eða auglýsinga.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að heimilt sé að hafa merkingarnar.
- Að merkingum sé rétt komið fyrir.



© Avery Dennison

Bifhjól (L3e, L4e)

Lýsing | fram



Bifhjól (L3e, L4e)

#lágljós bifhjól

Lýsing fram

Aðalljósker – lágljósgeisli (headlamps for low beam / passing-beam / dipped beam) #4.1

ECE-R53 gr. 6.2 (L3e) og ESB-3/2014 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.2.1	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R1, R8, R20, R57, R72, R98, R99, R112, R113 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmörkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.2.1	Áskilin 1 eða 2 ljósker.
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur (má vera daufgulur fyrir 31.12.2024).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.2.3	Ósambyggðu lágljóskeri (bara eitt slíkt á ökutækinu) má koma fyrir við hlið annars framvísandi ljóskafta eða fyrir ofan/neðan það. Séu þau hlið við hlið skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju en séu þau fyrir ofan/neðan hvort annað skal þeim komið fyrir í miðju. Sambyggðu lágljóskeri (bara eitt slíkt á ökutækinu) skal komið fyrir í miðju. Hafi ökutækið að auki ósambyggt háljóskaft eða háljóskaft sambyggt stöðuljósi, skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju. Tveimur lágljóskaftum, annað eða bæði sambyggð með öðru framvísandi ljósi, skal komið fyrir í pari samhverft í miðju. Fjarlægðarbíl á milli tveggja lágljóskafta mest 200 mm.
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.2.3	Minnst 500 mm og mest 1.200 mm. Fjarlægðarbíl á milli tveggja lágljóskafta mest 200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.2.3	Að framan (má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.2.4 og 5	Lóðrétt upp > 15° og niður > 10°. Lárétt minnst ±45° (þó lárétt inn > 10° ef tvö ljóskaft). Ljóskaftið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur ECE-R53 gr. 6.2.5	Lágljósgeisli skal lýsa að lágmarki 40 m fram á akbrautina og ekki lýsa lengra en 80 m fram á veginn. Hann má ekki hafa minni niðurvísun en 1%. Mælt með 75 kg ökumanni á hjólinu, ljós vísar beint fram.
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.2.6 og 5.10	Ekki má vera hægt að kveikja lágljós nema stöðuljós (að framan og aftan) og númersljós séu kveikt (þó má vera hægt að blikka aðalljósgeislum). Þegar kveikt er á lágljósum skulu dagljós slokkna sjálfkrafa (þó má vera hægt að blikka aðalljósgeislum án þess að dagljós slokkni). Lágljós mega loga með háljósum. Séu ekki dagljós á ökutækinu þá skulu lágljós kvikna sjálfkrafa við gangsetningu ökutækis.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.2.7	Leyft gaumljós, skal þá vera sílogandi grænt.
Aðrar reglur	---

Lágljós eru notuð til að lýsa upp veginn framan við ökutækið án þess að valda ökumönnum sem koma á móti eða öðrum vegfarendum óþarfa glýju eða óþægindum.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að stilling sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#háljós bifhjól

Lýsing fram

Aðalljósker – háljósgeisli (headlamps for high beam / driving-beam / main beam) #4.1

ECE-R53 gr. 6.1 (L3e) og ESB-3/2014 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.1.1	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R1, R8, R20, R57, R72, R98, R112, R113 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.1.1 og 2	Áskilin 1 eða 2 ljósker (eftir 29.10.1993).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur (má vera daufgulur fyrir 31.12.2024).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.1.3	Ósambyggðu háljóskeri (bara eitt slíkt á ökutækinu) má koma fyrir við hlið annars framvísandi ljóskers eða fyrir ofan/neðan það. Séu þau hlið við hlið skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju en séu þau fyrir ofan/neðan hvort annað skal þeim komið fyrir í miðju. Sambyggðu háljóskeri (bara eitt slíkt á ökutækinu) skal komið fyrir í miðju. Hafi ökutækið að auki ósambyggt lágljósker eða lágljósker sambyggt stöðuljósi, skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju. Tveimur háljóskerum, annað eða bæði sambyggð með öðru framvísandi ljósi, skal komið fyrir í pari samhverft í miðju. Fjarlægðarbíl á milli tveggja háljóspera, og milli háljósers og lágljósers, mest 200 mm.
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.1.3	Minnst 500 mm og mest 1.300 mm. Fjarlægðarbíl á milli tveggja háljóspera, og milli háljósers og lágljósers, mest 200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.1.3	Að framan (má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.1.4 og 5	Lárétt $\pm 5^\circ$. Lóðrétt $\pm 5^\circ$. Ljóskerið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur ECE-R53 gr. 6.1.5 og 8	Háljósgeisli skal lýsa að lágmarki 100 m fram á akbrautina og miðja ljósgeisla má ekki lýsa ofar en beint fram. Hámarksstyrkur háljósa má ekki vera meiri en 430.000 cd (alls), jafngildir viðmiðunartölu 100.
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.1.6 og 5.10	Ekki má vera hægt að kveikja háljós nema stöðuljós (að framan og aftan) og númersljós séu kveikt (þó má vera hægt að blikka aðalljósageislum). Háljós mega loga með lágljósum.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.1.7	Áskilið sílogandi blátt gaumljós.
Aðrar reglur	---

Háljósgeisli er notaður til að lýsa upp veginn langa vegalengd fyrir framan ökutækið utan þéttbýlis.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að stilling sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#dagljós bifhjól

Lýsing fram

Dagljósker (daytime running lamps) #4.2

ECE-R53 gr. 6.13 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.2 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.13.2	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R87 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.13.1 og 2, ESB-3/2014 gr. 3.2.2	Leyfð 1 eða 2 ljósker. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Leyft 1 ljósker á hliðarvagn (mega því verða alls 3).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur (má vera daufgulur fyrir 31.12.2024).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.13.4, ESB-3/2014 gr. 3.2.2	Ósambyggðu dagljósker (bara eitt slíkt á ökutækinu) má koma fyrir við hlið annars framvísandi ljóskers eða fyrir ofan/neðan það. Séu þau hlið við hlið skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju (og mest 500 mm á milli) en séu þau fyrir ofan/neðan hvort annað skal þeim komið fyrir í miðju. Sambyggðu dagljósker (bara eitt slíkt á ökutækinu) með lágljósi eða stöðuljósi skal komið fyrir mest 250 mm frá miðju. Tveimur dagljóskerum, annað eða bæði sambyggð með öðru framvísandi ljósi, skal komið fyrir í pari samhverft í miðju. Mest 420 mm milli tveggja dagljóskera. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ofangreindar breiddarstaðsetningarkröfur gilda um hjólið án hliðarvagns. Með hliðarvagni bætist krafan um mest 400 mm frá ystu brún ökutækis, á bæði við dagljóskerið á hliðarvagninum og dagljósker hjólsins (ytra ef 2 ljósker).
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.13.4	Minnst 250 og mest 1.500 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.13.4	Að framan (má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.13.5	Lárétt inn >10° og út >20°. Lóðrétt minnst ±10° (þó bara >5° niður ef hæð ljóskera er <750 mm). Ljóskerið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.13.7	Kvikna sjálfkrafa við gangsetningu ökutækis. Skulu slokkna sjálfkrafa þegar kveikt er á aðalljósum eða þokuljósum (má þó vera hægt að blikka aðalljósgeislum án þess að dagljós slokkni). Stöðuljós að aftan skulu kvikna og lýsa samhliða dagljósum. Stöðuljós að framan má kvikna og lýsa samhliða dagljósum. Séu dagljósker og stefnuljósker í ljósasamstæðu skal dagsljósið slokkna á þeirri hlið sem stefnuljósið blikkar. Sé ≤40 mm bil milli dagljósa og stefnuljósa skal dagsljósið slokkna (eða dregið úr ljósstyrk þess) á þeirri hlið sem stefnuljósið blikkar.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.13.8	Leyft gaumljós, skal þá vera sílogandi grænt.
Aðrar reglur ESB-3/2014 gr. 3.2.2	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Líta má á dagljósker hjóls (ytra) og hliðarvagns sem par.

Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafna sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Dagljós eru vel sýnileg ljósker framan á ökutæki (en lýsa samt ekki upp veginn) og eru notuð til að gera ökutækið sýnilegra þegar ekið er á daginn (sýnilegra en lýsingin frá stöðu-, kyrrstöðu- og breiddarljóskerum).

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að tenging sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#pokuljós bifhjól

Lýsing fram

Þokuljós (fog lamps) #4.5

ECE-R53 gr. 6.10 (L3e) og ESB-3/2014 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ESB-3/2014 A.1	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R19 og R149 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.10.1	Leyfð 1 eða 2 ljósker.
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur eða gulur.
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.10.3	Eitt ljósker: Í miðju eða miðja ljósflatar mest 250 mm frá miðju.
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.10.3	Minnst 250 mm og ekki hærrí en lág ljósker.
Langdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.10.3	Að framan (má ekki valda ökumanni glýju eða óþægindum).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.10.4	Lárétt minnst $\pm 45^\circ$ (þó bara $> 10^\circ$ inn ef tvö ljósker). Lóðrétt minnst $\pm 5^\circ$. Ljóskerið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.10.9 og 5.10	Ekki má vera hægt að kveikja þokuljós nema stöðuljós (að framan og aftan) og númersljós séu kveikt. Skulu tengd um eigin rofa óháð aðalljósum.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.10.7	Leyft gaumljós, skal þá vera sílogandi grænt.
Aðrar reglur ECE-R53 gr. 6.10.6	Má ekki vera sambyggt með öðru ljóskeri.

Þokuljós er notað til að bæta lýsingu á veginum framan við ökutækið ef þoka eða svipuð veðurskilyrði valda því að skyggni er skert.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að stilling sé rétt.
- Að staðsetning sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#stöðuljós bifhjól

Lýsing fram

Stöðuljós (position lamps) #4.2

ECE-R53 gr. 6.6 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.1 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ESB-3/2014 A.I	Ljósgerð uppfylli kröfur ECE-R7 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.6.1, ESB-3/2014 A.IX 3.2.1	Áskilin 1 eða 2 ljósgerð (áskilin 2 ljósgerð ef sambyggð með stefnuljósum). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Áskilið 1 ljósgerð á hliðarvagn (mega því verða alls 3).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur (rauðgulur ef sambyggð með stefnuljósum).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.6.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.1	Ósambyggðu stöðuljósgerði (bara eitt slíkt á ökutækinu) má koma fyrir við hlið annars framvísandi ljósgerðs eða fyrir ofan/neðan það. Séu þau hlið við hlið skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju en séu þau fyrir ofan/neðan hvort annað skal þeim komið fyrir í miðju. Sambyggðu stöðuljósgerði (bara eitt slíkt á ökutækinu) skal komið fyrir í miðju. Hafi ökutækið að auki annað framvísandi ljósgerð, skal þeim komið fyrir í pari samhverft í miðju. Tveimur stöðuljósgerðum, annað eða bæði sambyggð með öðru framvísandi ljósi, skal komið fyrir í pari samhverft í miðju. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ofangreindar breiddarstaðsetningarkröfur gilda um hjólið án hliðarvagns. Með hliðarvagni bætist krafan um mest 400 mm frá ystu brún ökutækis, á bæði við stöðuljósgerðið á hliðarvagninum og stöðuljósgerð hjólsins (ytra ef 2 ljósgerð).
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.6.3	Minnst 350 mm og mest 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.6.3	Að framan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.6.4	Lárétt minnst $\pm 80^\circ$ (þó bara $> 20^\circ$ inn ef tvö ljósgerð). Lóðrétt minnst $\pm 15^\circ$ (þó bara $> 5^\circ$ niður ef hæð ljósgerðs er < 750). Ljósgerðið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.6.7 og 5.10	Stöðuljós (að framan og aftan) og númersljós skulu kvikna á sama tíma. Séu stöðuljósgerð og stefnuljósgerð sambyggð eða í ljóssamstæðu skal stöðuljósið slokkna á þeirri hlið sem stefnuljósið blikkar.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.6.6	Áskilið sílogandi grænt gaumljós (eftir 01.01.2025, þó ekki áskilið ef mælaborðslýsing kviknar með stöðuljósum og aldrei annars).
Aðrar reglur ESB-3/2014 A.IX 3.2.1	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Líta má á stöðuljósgerð hjóls (ytra) og hliðarvagns sem par.

Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafna sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Stöðuljós fram eru notuð til að gefa til kynna tilvist og breiddarumfang ökutækisins þegar horft er framan á það.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að gaumljós virki rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#stefnuljós bifhjól

Lýsing fram

Stefnuljós (direction indicator lamps) #4.4

ECE-R53 gr. 6.3 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.3 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.3.2	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R6, R50, R97 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.3.1 og 2, ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Áskilin 2 ljósker (eftir 11.10.1993). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Innra stefnuljósker hjólsins skal aftengt.
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Rauðgulur (heimilt að á ökutækjum frá USA og Kanada sé litur hvítur fyrir 31.12.2024).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Fjarlægðarbil minnst 240 mm milli ljóskera í pari. Utar en aðalljós. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Um bæði stefnuljósker gildir mest 400 mm frá ystu brún ökutækis og minnst 600 mm milli ljóskera í pari.
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3	Minnst 350 mm og mest 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Stefnuljósker á hliðarvagni skal vera á framhellingi vagnsins.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.3.4	Lárétt inn >20° og út >80°. Lóðrétt minnst ±15° (þó bara >5° niður ef hæð ljóskera er <750 mm). Ljóskerið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ljósstyrkur stefnuljóska á hliðarvagni skal vera sambærilegur ljósstyrk stefnuljóska hjólsins.
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.3.6 og 8	Skulu tengd um stefnuljósarofa óháð öðrum tegundum ljóskera. Öll stefnuljósker vegna sömu beygjuáttar skulu blikka í takt (með blikktíðni milli 60 og 120 leiftur á mínútu).
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.3.7	Áskilið grænt blikkandi gaumljós og/eða hljóðgjafi sem heyrir greinilega í úr sæti ökumanns. Við bilun í stefnuljósum skal gaumljósið sýna merki um bilun (s.s. loga stöðugt, loga ekki eða blikka með merkjanlega annarri tíðni en venjulega).
Aðrar reglur ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Líta skal á stefnuljósker hjóls og hliðarvagns sem par.

Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafna sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Stefnuljós eru notuð eru til að gefa upplýsingar um það til annarra vegfarenda að ökumaður hyggist breyta akstursstefnu sinni og fara til vinstri eða hægri.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að blikk virki og tíðni sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

Lýsing | aftur



Bifhjól (L3e, L4e)

#stöðuljós bifhjól

Lýsing aftur

Stöðuljós (rear position lamps) #4.2

ECE-R53 gr. 6.7 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.5 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ESB-3/2014 A.I	Ljósgerðir uppfylli kröfur ECE-R7 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.7.1 og 2, ESB-3/2014 A.IX 3.2.5	Áskilin 1 eða 2 ljósgerðir. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Áskilið 1 ljósgerð á hliðarvagn (mega því verða alls 3).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Rauður.
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.7.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.5	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ofangreindar breiddarstaðsetningarkröfur gilda um hjólið án hliðarvagns. Með hliðarvagni bætist krafan um mest 400 mm frá ystu brún ökutækis, á bæði við stöðuljósgerði á hliðarvagninum og stöðuljósgerð hjólsins (ytra ef 2 ljósgerð).
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.7.3	Minnst 250 mm og mest 1.500 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.7.3	Að aftan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.7.4	Lárétt minnst $\pm 80^\circ$ (þó bara $>45^\circ$ inn ef tvö ljósgerð). Lóðrétt minnst $\pm 15^\circ$ (þó bara $>5^\circ$ niður ef hæð ljóskera er <750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.7.7 og 5.10	Stöðuljós (að framan og aftan) og númersljós skulu kvikna á sama tíma. Séu stöðuljósgerð og stefnuljósgerð í ljósamstæðu má stöðuljósgerð slokna á þeirri hlið sem stefnuljósgerð blikkar.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.7.6	Leyft gaumljós, skal þá uppfylla kröfur gaumljóss stöðuljósá fram.
Aðrar reglur ESB-3/2014 A.IX 3.2.5	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Lita má á stöðuljósgerð hjóls (ytra) og hliðarvagns sem par.
	Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafna sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Stöðuljós aftur eru notuð til að gefa til kynna tilvist og breiddarumfang ökutækisins þegar horft er aftan á það.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#stefnuljós bifhjól

Lýsing aftur

Stefnuljós (direction indicator lamps) #4.4

ECE-R53 gr. 6.3 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.3 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.3.2	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R6, R50, R96 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.3.1 og 2 ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Áskilin 2 ljósker (eftir 11.10.1993). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Innra stefnuljósker hjólsins skal aftengt.
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Rauðgulur (heimilt að á ökutækjum frá USA og Kanada sé litur rauður fyrir 31.12.2024).
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Fjarlægðarbil minnst 180 mm milli ljóskera í pari. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Um bæði stefnuljósker gildir mest 400 mm frá ystu brún ökutækis og minnst 600 mm milli ljóskera í pari.
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3	Minnst 350 mm og mest 1.200 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.3.3 ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Mest 300 mm frá öftustu brún ökutækis. Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Stefнулjósker á hliðarvagni skal vera á afturhelmingi vagnsins.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.3.4	Lárétt inn >20° og út >80°. Lóðrétt minnst ±15° (þó bara >5° niður ef hæð ljóskera er <750 mm). Ljóskerið má festa á stýrisstöng og fylgja beygjuhreyfingum stýris til beggja átta.
Stilling og ljósstyrkur ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ljósstyrkur stefnuljósers á hliðarvagni skal vera sambærilegur ljósstyrk stefnuljósers hjólsins.
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.3.6 og 8	Skulu tengd um stefnuljósarofa óháð öðrum tegundum ljóskera. Öll stefnuljósker vegna sömu beygjuáttar skulu blikka í takt (með blikktíðni milli 60 og 120 leiftur á mínútu).
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.3.7	Sjá ákvæði um stefnuljós fram.
Aðrar reglur ESB-3/2014 A.IX 3.2.3	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Líta skal á stefnuljósker hjóls og hliðarvagns sem par.

Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafa sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Stefnuljós eru notuð eru til að gefa upplýsingar um það til annarra vegfarenda að ökumaður hyggist breyta akstursstefnu sinni og fara til vinstri eða hægri.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að blikk virki og tíðni sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#hemlajósibifhjól

Lýsing aftur

Hemlajósaker (stop lamps) #4.3

ECE-R53 gr. 6.4 (L3e) og ESB-3/2014 A.IX gr. 3.2.6 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 5.14	Ljósaker uppfylli kröfur ECE-R7, R50 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.4.1 og 2, ESB-3/2014 A.IX 3.2.6	Áskilin 1 eða 2 ljósaker (eftir 01.03.1988). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Áskilið 1 ljósaker á hliðarvagn (mega því verða alls 3).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Rauður.
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.4.3, ESB-3/2014 A.IX 3.2.6	Ekki sérstaklega tilgreind (að uppfylltum öðrum skilyrðum). Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Ofangreindar breiddarstaðsetningarkröfur gilda um hjólið án hliðarvagns. Með hliðarvagni bætist krafan um mest 400 mm frá ystu brún ökutækis, á bæði við hemlajósakerið á hliðarvagninum og hemlajósaker hjólsins (ytra ef 2 ljósaker).
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.4.3	Minnst 250 og mest 1.500 mm.
Lengdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.4.3	Að aftan.
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.4.4	Lárétt minnst $\pm 45^\circ$ (þó bara $> 10^\circ$ inn ef tvö ljósaker). Lóðrétt minnst $\pm 15^\circ$ (þó bara $> 5^\circ$ niður ef hæð ljóskera er < 750 mm).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 6.4.6	Skulu tengd virkjun hemla og/eða þegar viljandi er hægt á ökutækinu. Öll hemlajósaker skulu samtengd.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.4.7	Leyft sílogandi gaumljós til merkis um bilun í hemlajósum.
Aðrar reglur ESB-3/2014 A.IX 3.2.6	Viðbótar-/sérkröfur ef hliðarvagn (L4e): Líta skal á hemlajósaker hjóls (ytra) og hliðarvagns sem par. Fjarlægðarbil milli þokuafturljóskers og hemlajóskers minnst 100 mm.

Athuga: Bifhjól þarf að uppfylla kröfur um ljósabúnað bæði án hliðarvagns og með hliðarvagni. Við tengingu og aftengingu hliðarvagns þarf því að yfirfara þennan ljósabúnað m.t.t. viðbótar- eða sérkrafna sem gilda um hjól með hliðarvagni.

Hemlajós eru notuð til að gefa öðrum vegfarendum fyrir aftan ökutækið til kynna að vísitandi sé verið að hægja á hreyfingu ökutækisins.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að staðsetning sé rétt.
- Að virkni sé rétt.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

#númersljós bifhjól

Lýsing aftur

Númersljósker (registration plate lamps) #4.7

ECE-R53 gr. 6.5 (L3e) og ESB-3/2014 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ECE-R53 gr. 6.5.1	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R4 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
Fjöldi (áskilið/leyft) ECE-R53 gr. 6.5.1	Áskilin 1 ljósker eða fleiri (eftir 01.03.1994).
Litur ECE-R53 gr. 5.13	Hvítur.
Breiddarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.5.3	Svo skráningarmerki sé upplýst (án þess að sjáist í lýsandi fleti) þegar horft er á skráningarmerkið í fimm metra fjarlægð fyrir aftan ökutækið (í 1-3 m hæð).
Hæðarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.5.3	Svo skráningarmerki sé upplýst (án þess að sjáist í lýsandi fleti) þegar horft er á skráningarmerkið í fimm metra fjarlægð fyrir aftan ökutækið (í 1-3 m hæð).
Langdarstaðsetning ECE-R53 gr. 6.5.3	Svo skráningarmerki sé upplýst (án þess að sjáist í lýsandi fleti) þegar horft er á skráningarmerkið í fimm metra fjarlægð fyrir aftan ökutækið (í 1-3 m hæð).
Vísun/Dreifing/Lögun ECE-R53 gr. 6.5.4	Lýsa upp allt skráningarmerkið. Ekki má sjást í lýsandi fleti þegar horft er á skráningarmerkið í fimm metra fjarlægð fyrir aftan ökutækið (í 1-3 m hæð).
Stilling og ljósstyrkur	---
Tenging (birting/blikk) ECE-R53 gr. 5.10	Númersljós og stöðuljós (að framan og aftan) skulu kvikna á sama tíma.
Gaumljós/-búnaður ECE-R53 gr. 6.5.6	Leyft gaumljós, skal þá nota sama gaumljós og fyrir stöðuljós fram.
Aðrar reglur ECE-R53 gr. 6.5.7	Sé númersljós í ljósasamstæðu með stöðuljósi, hemlaljósi eða þokuafturljósi, má lýsing þess litast aðeins af lýsingu þeirra ljóskera.

Númersljós er til að lýsa upp svæðið sem er ætlað skráningarmerkinu.

Sérstök áhersluatriði við skoðun:

- Að skráningarmerkið sé allt upplýst.
- Að ekki sjáist í lýsandi fleti ljóskera.



© Honda

Bifhjól (L3e, L4e)

Lýsing aftur

#pokuafturljós bifhjól

Pokuafturljósker (rear fog lamp) #4.5

ECE-R53 gr. 6.11 (L3e) og ESB-3/2014 (L4e)

Gerð/Viðurkenning ESB-3/2014 A.I	Ljósker uppfylli kröfur ECE-R38 og R148 (eftir því sem við á) eftir 01.01.2001 eða jafngildar. Ekki krafa um sýnilegar viðurkenningarmerkingar.
